

**Ed.**

**51. Frumvarp til laga**

**[36. mál]**

um viðauka við lög nr. 50 25. maí 1950, um togarakaup ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 70. löggjafarþingi, 1950.)

**1. gr.**

Til viðbótar þeirri lánsheimild, sem veitt er í 1. gr. laga nr. 50 25. maí 1950, um togarakaup ríkisins, er ríkisstjórninni heimilt að taka allt að 16 millj. króna lán eða jafnvirði þess í erlendum gjaldeyri, til þess tíma og með þeim kjörum er um semst. Veðsetja má togarana með 2. veðrétti til tryggingar láninu.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Ganga má út frá að heildarverð togaranna verði £ 1.723.790 að viðbættum vöxtum. Upp í þetta hefur verið samið um lán í Bretlandi, sem nemur um £ 1.250.000, þannig að enn vantar um £ 473.000. Ekki hefur enn verið greitt neitt upp í andvirði þeirra af kaupendum. Hins vegar gengur smíði togaranna greiðlega og er fyrir-sjáanlegt, að ekki verður hjá því komizt að taka lán, til að geta staðið við samningana um smíði togaranna. Af nefndum ástæðum er leitað heimildar Alþingis til framangreindrar lántöku.